


EYSTRAHORN

39.tbl. 41. árgangur

16.nóvember 2023

www.eystrahorn.is



SAMFÉLAGIÐ ER LYKILLINN AÐ TUNGUMÁLINU

TUNGUMÁLASTEFNA Í LEIKSKÓLANUM SJÓNARHÓLI

Leikskólinn Sjórnarhóll hefur riðið á vaðið og gert tungumálastefnu fyrir leikskólann, fyrst stofnana sveitarfélagsins. Ráðist var í þessa vinnu í haust þegar óvenju margir starfsmenn af erlendum uppruna voru ráðnir til starfa á leikskólann en við það heyrðust ákveðnar gagnrýnisráddir frá ýmsum aðilum. Vissulega eru börnin á leikskólanum á mikilvægu máltökuskeiði en stjórnendur höfðu bara um tvennt að velja, ráða þá umsækjendur sem sóttu um og voru hæfir þrátt fyrir að tala ekki mikla íslensku eða ráða enga og þurfa þá að loka deildum. Fyrri kosturinn var valinn og ákveðið að vinna með málið á jákvæðan hátt. Líta á kosti þess að börn kynni stjórnendur fjölbreyttri menningu og fjölbreyttum tungumálum og gefa erlendu starfsfólki sem flest tækifæri til að læra íslensku.

Í kjölfar fjölmenningsnámskeiðs sem haldið var 16. ágúst með öllu starfsfólki á fræðslu- og frístundasviði var ákveðið að fyrsta skrefið væri tungumálastefna fyrir leikskólann sem hér birtist. Grunnur tungumálastefnunnar felst í þeirri hugsun að samfélagið sé lykillinn að því að fólk læri íslensku. Það er mikilvægt að meta

bæði margbreytileika mannlífsins og fjölbreytta tungumálakunnáttu og líta á hvorttveggja sem auð á sama tíma og við gefum fólki af erlendum uppruna gnægð tækifæra til að læra íslensku.

Auk tungumálastefnunnar er núna hópur starfsmanna á Sjórnarhóli sem er af erlendum uppruna á námskeiði sem kallast íslenskuþorp í leikskólum um land allt. Námskeiðið sem er á vegum Menntafléttunnar gengur út á að efla starfsfólkið í íslensku og þá sérstaklega íslensku sem tengist því að starfa á leikskólum. Þetta námskeið stendur í allan vetur.

Þess má að lokum geta að um þessar mundir er um 30% íbúa sveitarfélagsins af erlendum uppruna. Þetta er gríðarlega mikilvægur hópur fyrir okkur Austur-Skaftfellina og mikilvægt að taka vel á móti honum svo hann ílengist hjá okkur og auðgi samfélagið. Að gefa fólki færi á að læra tungumálið er mikilvægur þáttur um leið og það er líka mikilvægur liður í að vernda íslenskuna. Um þessar mundir er verið að vinna að málstefnu fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð. Málstefnan

getur verið grunnur að tungumálastefnum sem stofnanir verða hvattar til að gera teljst þörf á því.

Sveitarfélagið Hornafjörður óskar starfsfólki leikskólans Sjórnarhóls til hamingju með tungumálastefnuna.



ÞORVALDUR ÞUSAR

Á ýmsum tímum hafa komið fram hugmyndir um þéttingu byggðar. Nú síðast það sem gekk undir vinnuheitinu „Þétting byggðar í innbæ.“ Segja má að

íbúar á viðkomandi svæðum hafi oftast brugðist illa við þéttingarhugmyndum. Hvers vegna ætli íbúar séu oft andvígir þéttingu byggðar. Ástæðurnar eru eflaust margar. En margar tengjast hagsmunum viðkomandi íbúa. Útsýnið skerðist eða hverfur, byggingarframkvæmdir valda raski og hávaða í grónum hverfum, hugsanlega getur grundun nýrra bygginga haft neikvæð áhrif á eldri byggðina og valdið skemmdum. Hér eru aðeins nefnd nokkur atriði. Ekki má gleyma að í þéttingunni liggur ávinningur fyrir sveitarfélagið. Til staðar eru götur, lagnir og fleira. Ég tel hins vegar hvernig hefur verið staðið að framkvæmd á þéttingu

SKIPULAG HLUTI 2

byggðar bæði fyrr og nú sé aðal vandinn. Það hefur alltaf bæði fyrr og nú skort samráð við íbúa. Það hefur aldrei farið fram heilstæð umræða um hvar eigi að þétta byggð og hvar ekki. Hvers vegna hefur þessi umræða ekki verið tekin? Það hefur verið bótastagls hugmyndin sem hefur ráðið ferðinni í stað heilstæðrar hugmyndar. Þar sem íbúar hafa rétt hugmyndirnar til hlítar. Þó leiddu mótmæli íbúa gegn „þéttingu byggðar í innbæ“ til þess að haldin var íbúakosning um tillögurnar. Sú fyrsta um skipulagsmál!

Í Guðs friði
Þorvaldur Þusari

SKILABOÐ FUNDARGESTA AF ÍBÚAFUNDI Á HÖFN

Á íbúafundi í Vöruhúsinu á Höfn þann 12. október sl. var Höfn í nútíð og framtíð til umræðu. Fundurinn var haldinn í tengslum við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins og hefur nú verið birt samantekt um skilaboð fundargesta á vefnum hornafjordur.is/adalskipulag.

Umræður á fundinum snerust um hvernig gera mætti Höfn að enn fallelgri, náttúrulegri, aðgengilegri, skemmtilegri og öflugri bæ. Fjölmargar áhugaverðar ábendingar komu fram, s.s. um hvernig mætti fegra bæjarmyndina, bæta gatnakerfi, göturými og önnur almenningsrými. Einnig hvernig skipulag getur stutt við atvinnulíf og þjónustu og styrkt kjarna bæjarins. Þá var bent á ýmislegt sem snýr að náttúruvernd, loftslagsbreytingum og aðstöðu til útivistar.

Í samantektinni eru meginskilaboð fundargesta dregin saman bæði í texta og á meðfylgjandi korti en einnig er ítarlegt yfirlit yfir allar ábendingar og hugmyndir sem komu fram.

Hornafjarðarbær þakkar þátttakendum fyrir þeirra mikilvæga framlag og hvetur íbúa alls sveitarfélagsins til að fylgjast með framgangi endurskoðunar aðalskipulags á aðalskipulagsvefnum. Senda má inn hugmyndir og sjónarmið hvenær sem er á meðan nýtt aðalskipulag er í mótun. Þær sendist á netfangið adalskipulag@hornafjordur.is.

Íbúafundir um skipulag dreifbýlisins verða haldnir 27. og 28. nóvember nk.

*Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri Hornafjarðar*



SKRIFSTOFUAÐSTAÐA FYRJR FRUMKVÖÐLA OG STÖRF AN STAÐSETNINGAR



Frá undirritun samstarfssamnings um Hreiðrið Frumkvöðlasetur á Höfn

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur boðið upp á aðstöðu fyrir aðila sem starfa án staðsetningar um árabil og er sú aðstaða einnig

í boði fyrir frumkvöðla á svæðinu. Skrifstofan er á 2. hæð í Miðbæ og er um að ræða sameiginlega skrifstofuaðstöðu fyrir allt að fimm manns, með aðgengi að kaffistofu og fundaraðstöðu. Aðstaðan hæfir jafnt fyrir frumkvöðla, sem og störf sem unnin geta verið án staðsetningar. Leiguverð er hóflegt og má finna gjaldskrá inni á heimasíðu sveitarfélagsins; Gjaldskrár | Hornafjörður (hornafjordur.is). Stuðningurinn við frumkvöðla heyrir undir Hreiðrið – Frumkvöðlasetur, en um er að ræða samstarfsverkefni um netverk fyrir frumkvöðla á Suðurlandi. Í Hreiðrinu geta frumkvöðlar fengið ráðgjöf og leiðsögn við upphaf sinnar vegferðar, auk fyrrnefnds

aðgangs að vinnuaðstöðu og samfélagi annarra frumkvöðla. Sveitarfélagið Hornafjörður, Háskólafélag Suðurlands og Nýheimar þekkingarsetur undirrituðu samstarfssamning um frumkvöðlastuðninginn á nýafstaðnu Starfastefnumóti sem haldið var í Nýheimum við góðan orðstýr.

Áhugasömum aðilum er bent á að hafa samband við Árdís Ernu Halldórsdóttur í netfangið ardis@hornafjordur.is fyrir bókanir á aðstöðu og nánari upplýsingar.

Árdís Erna Halldórsdóttir, atvinnu- og ferðamálafultrúi.



Hreiðrið Frumkvöðlasetur á Höfn

Inkscape Design

Beginner Workshop in English



Introduction to Fab Lab and a micro workshop for the Inkscape design program. The workshop will be taking place on **Tuesday 21. November** from **17:00-19:00** in Fab Lab, Vöruhúsið.

The workshop is designed for beginners and enthusiasts interested in learning about the Inkscape program and creating designs for both laser- and vinylcutters. No prior experience is required.

The workshop will be in **English** and is completely **FREE!**

For registration or more information:
sindriorn@hornafjordur.is / 470-8475



Dagskrá vikunnar

Almennar samkomur
sunnudaga klukkan 13:00

Bænastundir
fimmtudaga klukkan 19:30

Við hlökkum til að sjá þig

Jesús segir:
Ef nokkur þyrstir þá komi hann til mín og drekki.
En þvert á það sem trúir á mig munu renna þegar blóði væri.

Við hlökkum til að sjá þig

Instagram Facebook

Samfélagssjóður Hornafjarðar

Auglýsir eftir styrkjum fyrir

Jólaaðstoð 2023

Kennitala: 611112-0170

Bankaupplýsingar: 0172 – 05 – 060172

Stjórn Samfélagssjóðs Hornafjarðar.

Bestu þakkir fyrir veittan stuðning

Að sjóðnum standa meðal annarra, LIONS klúbbar Hornafjarðar (karla og kvenna), KIWANIS klúbburinn Ós, Nettó, Rauði krossinn, Karlakórinn Jökull, AFL Starfsgreinafélag og margir aðrir góðir velunnarar.

Sviðaveisla Lions



Sviðaveisla Lionsklúbbs
Hornafjarðar

Verður haldi í Golfskálanum
miðvikudaginn 22 Nóvember kl
18:00

Allur ágóði af sviðaveislunni rennur til
góðgerðamála á Hornafiði

verð 4000 ekki tekið við kortum

HAFNARKIRKJA 19. NÓVEMBER

HELGISTUND

á alþjóðlegum minningardegi um
fórnarlömb umferðarslysa

Sunnudaginn 19. nóvember kl. 14:00 verður
haldin helgistund í Hafnarkirkju.

Viðbragðsaðilar í sveitarfélaginu munu koma
saman til að minnst þeirra munu hafa látist í
umferðarslysum undanfarin ár.

Öllum er boðið að koma í stundina og eiga með
okkur samfélag.

Boðið verður upp á kaffi í safnaðarheimilinu í
lok stundarinnar.

Prestar og viðbragðsaðilar

Sunnudaga
skóli
19. nóvember kl. 11:00

SÖNGUR
BIBLIU
SAGA
REBBI OG
MÝSLA

Við ætlum að
föndra skraut á
jólalatréð í kirkjunni

JÓLASEÐILL PAKKHÚSSINS

LAUGARDAGANA

2. OG 9.

DESEMBER

HÚSIÐ OPNAÐ KL 18:30 OG
BORDHALD HEFST STUNDVÍSLEGA KL 19:00
VERÐ KR 9.990

FORRÉTTIR
VILLISVEPPIR,
LAXATVENNA, TÚNFISKS
SUSHI, HREINDÝR, ÖND,
GEIT, RISARÆKJUR

ADALRÉTTUR
TRUFFLUMARINERUD
NAUTALUND

EFTIRRÉTTIR
HVÍTSÚKKULADI
SKYROSTAKAKA, SORBET
OG MAKKARÓNA

PANTANTANIR: JOL@PAKKHUS.IS - SÍMI: 478 2280

NÁNAR Á PAKKHUS.IS



Höfum opið á laugardögum fram að jólum frá kl. 13:00-15:00.

KONUKVÖLD

Það er komið að því, Konukvöld
fimmtudaginn 16. nóvember kl. 19:00-22:00
Gott tækifæri til að njóta, skemmta sér og versla.
20% af völdum vörum
Hlökkum til að sjá ykkur

Húsgagnaval
Húsgögn og gjafavörur

Símar:
478-2535 / 898-3664



Atvinnuuppbygging og þróun Íbúðamarkaðar á Suðurlandi

Opinn fundur á Hótel Höfn
Mánudaginn 20. nóvember
Klukkan 11:30-13:00
Súpa og brauð í boði

Eftirfarandi aðilar standa að fundinum og verða með erindi:



Bifreiðaskoðun á Höfn 20., 21. og 22. nóvember.

Tímamantanir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 17. nóvember.

Næsta skoðun 15., 16. og 17. janúar.

Þegar vel er skoðað

Styrkumsóknir fyrir árið 2024

Starf verkstjóra við þjónustustöðina á Höfn er laust til umsóknar. Þjónustustöð sér um almenna þjónustu og viðhald vega og vegbúnaðar á svæðinu. Verkstjóri hefur umsjón og eftirlit með verkefnum á þjónustustöðinni og sér til þess að þau séu unnin í samræmi við áætlanir og öryggisstefnu Vegagerðarinnar. Verkstjóri er staðgengill yfirverkstjóra.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Almenn þjónusta, eftirlit og verkstjórn í viðhaldi vega og vegbúnaðar á svæði þjónustustöðvarinnar
- Eftirlit í vetrarþjónustu með færð á vegum, upplýsingagjöf og stjórnun snjósmoksturs í samvinnu við yfirverkstjóra og vaktstöð Vegagerðarinnar
- Samskipti og eftirlit með verktökum
- Vinnur bakvaktir í vetrarþjónustu og er aðgengilegur ef þörf skapast, s.s. vegna veðurs, náttúruhamfara og slysa

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Stjórnendafélag Austurlands hafa gert. **Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður, stærsta framkvæmdastofnun landsins með gríðarlega fjölbreytta verkefnaflóru.**

Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Í umsókninni komi fram upplýsingar um fyrri störf og upplýsingar um þær hæfnikröfur sem óskað er eftir. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum um starfið verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsóknarfrestur er til og með 20.11.2023

Nánari upplýsingar veitir - Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson, yfirverkstjóri - g.runar.sigurdsson@vegagerdin.is – 5221000

Sótt er um starfið á heimasíðu Vegagerðarinnar <https://www.vegagerdin.is/um-vegagerdina/laus-storf/>



UPPSKRIFT VIKUNNAR

Svínakótilettur eftir Ernu Gísladóttur

Ég skora á Styrgerði Hönnu Jóhannsdóttur að vera með næstu uppskrift, hún á margar góðar uppskriftir.



Hráefni :
4 svínakótilettur
4 dl rjómi
1 dl. sýrður rjómi
1,5 dl. sojasósa
2tsk. Sambal oelek
kryddsósa.

Aðferð: Setja kótiletturarnar fjórar ókryddaðar í eldfast mót. Setja í pott rjóma, sýrðan rjóma, sojasósu og Sambal Oelek og láta suðuna koma upp. Hella úr pottinum yfir kótiletturarnar og setja í 200 gráðu heitan ofn í klukkutíma. Gott er að hafa hrísgrjón og salat með. Verði ykkur að góðu. Einfalt og gott.

ORÐALEIT

SMÁSÁLARLEGUR
SÍNKUR
SÍRENA
HJARTAFRÓ
HARÐJAXL
FORSTOFA
ÓTÍMI
GNÓTT
GRANDALAUS
VANDALISMI
FLENSA

D	M	I	B	F	T	A	L	Q	Z	S	H	S	P	V	D	V	U	L	A
L	X	Z	Z	L	T	J	T	Z	M	A	U	A	Q	U	P	U	T	B	L
I	H	U	K	T	S	H	J	O	R	A	B	Y	M	Q	D	M	T	N	N
W	V	B	I	A	T	V	B	Ð	L	N	G	H	I	V	S	H	Ó	S	S
S	P	W	W	J	P	O	J	A	F	O	T	S	R	O	F	J	N	A	Q
S	Í	N	K	U	R	A	D	G	V	E	D	K	M	E	Q	A	G	I	U
Z	L	R	W	Z	X	N	A	Z	X	Y	B	R	I	F	R	R	H	D	V
N	B	G	U	L	A	X	I	C	K	I	U	E	I	F	C	T	L	J	U
H	A	P	R	R	D	T	A	J	S	G	D	T	Q	U	G	A	P	Z	N
J	K	T	G	L	B	L	X	J	E	J	K	W	H	M	U	F	Z	B	D
T	R	X	V	A	N	D	A	L	I	S	M	I	X	F	E	R	I	U	O
H	P	H	P	Q	T	C	R	M	L	R	Q	M	Y	M	G	Ó	J	C	A
X	S	G	V	F	R	A	W	I	U	D	F	Q	S	F	T	G	O	W	W
Q	T	R	S	B	L	V	C	C	Z	K	G	V	F	C	E	C	Q	W	B
W	I	Y	F	Á	U	X	C	C	L	W	D	R	S	R	D	S	D	N	N
J	V	M	S	L	U	X	O	R	K	T	M	F	W	Í	B	W	E	L	V
I	R	Á	Í	G	E	P	Z	Y	T	Y	Z	N	R	G	R	D	Z	V	B
U	M	Z	R	T	M	N	S	U	L	F	Q	O	N	Q	T	E	S	M	E
S	F	P	A	V	Ó	Q	S	V	J	I	Y	Z	D	W	S	D	N	N	D
M	C	S	M	O	C	G	O	A	U	Z	Q	M	U	I	F	C	Y	A	C

SPURNING VIKUNNAR

Ef þú gætir lært nýja hæfni án fyrirhafnar, hvað myndir þú læra?



Brimdis Klara Árnýjardóttir
Öll tungumál í heimi



Kristjón Elvarsson
Læra skriðsund



Sölvi Ólafsson
Fljúga flugvél



Jóhanna Stígsdóttir
Garðyrkju

Samfélagssjóður Hornafjarðar

Auglýsir umsóknarfrest vegna jólaaðstoðar.

Umsóknarfrestur til sjóðsins er til **27. nóvember nk.**

Hægt er að fá umsóknareyðublöð á bæjarskrifstofunni.

Þangað er útfylltum umsóknum skilað í umslagi merktu Samfélagssjóður. Einnig er hægt að skila umsóknum á netfangið stigur.reynisson@kirkjan.is eða til Velferðarsviðs, Miðgarði við Víkurbraut 24.

Stjórn Samfélagssjóðs Hornafjarðar

The social fund of Hornafjörður publicizes the closing day for applications to the fund.

The application deadline is on the **27th of November.**

The application form is available at the town hall and completed forms can be returned at the same place in a closed envelope marked Samfélagssjóður. The applications can also be returned by e-mail at stigur.reynisson@kirkjan.is or at Velferðasvið at Miðgarður by Víkurbraut 24.

Please point the fund out to friends and acquaintances who might need assistance.

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



Fimmtudaginn 7. desember verður félagið með samveru með jólalegu ívafi á Heppu Restaurant

Við hittumst þar **kl. 16:30** og Elvar tekur á móti okkur og sýnir okkur allar breytingarnar á gamla vinnustað okkar margra „í denn“.

Við förum í Bruggverksmiðjuna og tékkum á hvernig þetta smakkast hjá þeim.

Síðan er matur „hlaðborð“ með þrjár tegundir forréttar, tvær gerðir aðalréttar ásamt meðlæti ýmisskonar og svo desert í lokin. *Barinn verður opin.*

Miðaverðið verður kr. 4.000- á mann

Það þarf að skrá þátttöku fyrir 1. desember (best sem fyrst)

Ari Jónsson gsm 8947065

Garðar Óskars gsm 8954561

Magnús Friðfinns gsm 8916966

Einnig hægt að skrá sig á fésbókinni okkar.

Höfum gaman saman og njótum samveru



Íbúafundir

Opnir íbúafundir fjárhagsáætlun, aðalskipulag og stöðu verkefna verða haldnir á næstunni.

- Föstudagshádeggi í Nýheimum 24. nóvember klukkan 12:00 þar mun bæjarstjóri fara yfir fjárhagsáætlun og stöðu verkefna – Í boði verður súpa og kaffi
- Á Hótel Vatnajökli verður fundur um aðalskipulag og í framhaldinu kynning á stöðu verkefna og fjárhagsáætlun 27. nóvember um kl. 19:00 – Veitingar í boði
- Í Hofgarði í Örafum verður fundur um aðalskipulag og í framhaldinu kynning á stöðu verkefna og fjárhagsáætlun 28. nóvember um klukkan 16:00 – Veitingar í boði

Íbúar eru hvattir til að mæta á fundina og kynna sér framtíðaráform í sveitarfélaginu og eiga samtál við kjörna fulltrúa.

*Sigurjón Andrússon
Bæjarstjóri*



Íbúafundir um sveitir framtíðar

Hvernig viljum við að byggð og innviðir þróist og hvernig stuðlum við að jafnvægi á milli nýtingar og verndar auðlinda? Bæjarstjórn býður til tveggja íbúafunda um mótun aðalskipulags fyrir dreifbýli Hornafjarðar.

Fyrri fundurinn verður **mánudaginn 27. nóvember** nk. kl. 17:00-19.30 í Hótel Vatnajökli. Síðari fundurinn verður **þriðjudaginn 28. nóvember** kl. 14:00-16:30 í Hofgarði. Boðið verður upp á hressingu.

Fundunum er ætlað að fá fram sjónarmið og hugmyndir íbúa um framtíðarsýn og áherslur í skipulagi sveitanna. Sem upplegg að umræðum kynna skipulagsráðgjafar frá Alta greiningu og drög að meginmarkmiðum. Allir sem hafa áhuga á framtíðarþróun sveitarfélagsins eru hvattir til að mæta!

Upplýsingar um endurskoðun aðalskipulags má finna á vefnum www.hornafjordur.is/adalskipulag.

Í lok fundanna verður boðið upp á umræður um fjárhagsáætlun sveitarfélagsins



Ormahreinsun hunda og katta / Deworming for dogs and cats

Árleg ormahreinsun gæludýra í Sveitarfélaginu Hornafirði fer fram hjá Janine Arens, dýralækni, á Hólabraut 13 á Höfn 22. og 23. nóvember.

Ormahreinsun fyrir bæði hunda og ketti er áætluð sem hér segir:

- 22. nóvember milli kl. 9:00 til 10:00
- 23. nóvember milli kl. 16:30 til 18:00

Ekki þarf að panta fyrirfram, bara að mæta á ofangreindum tímum með gæludýrin þín.

Eigendum hunda og katta ber að láta ormahreinsa dýr sín einu sinni á ári og er hún innifalin í leyfisgjaldi. Þá eru allir eigendur hunda og katta hvattir til að fylgja settum reglum og skrá gæludýrin sín hjá sveitarfélaginu en það er gert í gegnum íbúagáttina á heimasíðu sveitarfélagsins, www.hornafjordur.is.

Deworming for cats and dogs in the Municipality of Hornafjörður will take place in Janine's veterinary clinic at Hólabraut 13 in Höfn on November 22nd & 23rd.

Deworming for both dogs and cats is scheduled as follows:

- November 22nd from 9:00 AM to 10:00 AM
- November 23rd from 4:30 PM to 6:00 PM

No prior appointments are necessary. Simply plan your visit during the specified time slots and bring along your furry friends.

As a reminder, it's obligated to deworm your cats and dogs once a year, and this service is covered by the annual pet fee. We strongly encourage all cat and dog owners to adhere to this rule and register their pets with the municipality. You can complete this process through the resident portal on the municipality's website at www.hornafjordur.is

